



Ráðning sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs

Tímabundinn ráðningarsamningur við núverandi sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs gildir til 1. ágúst 2021, eftir framlengingu þann 22. apríl 2020. Þó liggur fyrir að sviðsstjóri hafi óskað eftir að ljúka störfum fyrr, ef tækifæri gefst.

Í stjórnsýsluúttekt HLH ráðgjafar ehf. komu fram tillögur um að skólastarf og skólafélag Ísafjarðarbæjar yrði tekið til endurskoðunar með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Samhliða þessari athugun yrði skoðað hvort tilefni væri til endurskipulagningar á sviðum sveitarfélagsins, þ.e. á velferðarsviði og skóla- og tómstundasviði, þannig að úr yrði eitt svið - fjölskyldusvið.

Ofangreind endurskoðun er ekki hafin og er ráðgert að muni taka nokkurn tíma. Engar ákvarðanir liggja fyrir um mögulega sameiningu sviða, kosti þess og galla.

Með vísan til ofangreinds er lagt til við bæjarráð að heimila bærarstjóra að hefja ráðningarferli nýs sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, með það í huga að nýr sviðsstjóri taki við á fyrstu mánuðum ársins 2021.